



LÍFID

„Fólk er að vanda sig og að leita að ástinni“



Eflaust hafa fleiri farið á fjar-stefnumót í COVID-19 en áður. Fréttablaðið/Getty

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Sunnudagur 22. nóvember 2020
Kl. 19.25

DEILA



Sífelld fleiri leita á Internetið í leit að ástinni.

Talsverð aðsókn er í þjónustu íslenskra stefnumótasíða á Íslandi. Misjafnt er þó hvert fólk leitar eftir því hverju það er að leita að. Fréttablaðið leitaði upplýsinga hjá tveimur slíkum síðum um notkun í COVID-19, hvort hún hefði aukist og hvort það væri einhver breyting á notkun.

Á síðunni www.makaleit.is hefur ekki verið aukning, en eigandi merkir breytingu á notendahópnum og hvernig hann notar síðuna. Á www.einkamal.is hefur orðið aukning frá því veiran kom upp en athyglisvert er að mesta aukningin var í sumar þegar faraldurinn var í lágmarki á landinu.

Aukning hjá eldri notendum

Björn Ingi Halldórsson, eigandi síðunnar www.makaleit.is, segir í samtali við Fréttablaðið að það hafi ekki verið aukning í kórónuveirufaraldrinum en að hann sjái breytingu í aldri notenda sinna.

„20 til 30 ára aldurshópur er að detta út en það þyngist í eldri aldurshópum. Það hefur ekki orðið aukning í COVID-19 hvað varðar heildarfjölda en það hefur orðið hliðrun í aldurshópum. Núna eru einungis fjögur prósent virkra notenda í aldurshópnum 20 til 30 ára, en 66 prósent í aldurshópnum 50 til 70 ára. Ef við skoðum svo bara 60 til 70 ára þá eru 28 prósent í þeim hóp. Svo að lokum eru sjö prósent í hópnum 70 til 80 ára,“ segir Björn Ingi í samtali við Fréttablaðið.



Björn Ingi Halldórsson er eigandi síðunnar www.makaleit.is. Fréttablaðið/Stefán

Nánast sama hlutfall kynja

Spurður um kynjaskiptingu segir Björn Ingi hana nánast jafna nema í aldurshópnum 60 til 70 ára.

„Þar eru nokkuð fleiri konur en ég er að vonast til að fá inn fleiri karlmenn í þessum aldurshópi,“ segir Björn Ingi.

Hann segir að hann sjái líka breytingu á því hvernig notendur noti síðuna og segir meðal annars frá því að fleiri svari svokölluðu persónuleikaprófi á síðunni.

„Það eru rúmlega 200 spurningar og það tekur smá tíma að svara því. Það eru 53 prósent notenda sem hafa svarað því,“ segir Björn Ingi og bætir við:

„Ég hef alltaf sagt við fólk að það taki um 30 mínútur að svara þessu en svo ákvað ég að fara sjálfur í gegnum hann og vanda mig mjög mikið og þá tók þetta góðar 45 mínútur. 53 prósent notenda hafa svarað og það segir okkur að fólk er að vanda sig og að leita að ástinni,“ segir Björn Ingi.

Hann segir að það sem notendur geti nýtt þennan lista í er að deila sínum svörum úr persónuleikapöruninni í orðaskýi, en þá eru tvær persónuleikapanir keyrðar saman og þá sést hversu vel notendur passa saman.

Hann segir að það komi skýrt fram þegar fólk skrái sig að síðan sé ekki fyrir þá sem eru að leita að skyndikynnum og að það þurfi að staðfesta að það sé ekki í sambandi.

„Þarna er fólk sem er að leita að lífsförunaut. Það eru aðrir vefir þar sem fólk getur leitað að skyndikynnum og öðru en á þessum vef þá er það ekki. Sem dæmi þá þarf ég að samþykka allar myndir sem sendar eru inn á síðuna og alla texta líka. Þeir birtast ekki fyrr en ég fer yfir þá. Það birtast engar dóna-myndir eða dónatextar,“ segir Björn Ingi.

Hann segir það gerast mjög sjaldan að hann hafi þurft að eyða mynd. Það hafi gerst um fimmtán sinnum á sjö ára tímabili.

„Það segir rosalega mikið um fólk sem er að skrá sig og ég veit að fólk er þakklát fyrir að það sé einhver sía hjá mér,“ segir Björn Ingi.

FRÓMANNA OG FÓLKSÞÁTTA

„Þegar notendur eru ekki virkir reglulega þá eru þau sjálfkrafa sett í bið af kerfinu og þau látin vita af því með tölvupósti. Ef hann hefur verið í bið í þrjá mánuði þá er sendur tölvupóstur og spurt hvort viðkomandi hafi fundið ástina,“ segir Björn Ingi.

Hann segir að frá þeim pósti hafi hann fengið ýmsar frásagnir frá fólki sem hafi fundið ástina inni á síðunni.

„Ég er búinn að vera með síðuna frá 2013. Það er rosalega gaman að fá svona pósta um að fólk hefði aldrei hist ef ekki hefði verið fyrir síðuna. Þess vegna er maður að þessu,“ segir Björn Ingi.

Spurður hvort hann hafi séð miklar breytingar frá þeim tíma á viðhorfi fólks til slíkra síða segir hann þau töluverð.



„Ég hef tekið eftir þessu á fólkinu í kringum mig. Þetta var eiginlega bara feimnismál í fjölskylduboðum þegar ég byrjaði og mamma var ekki hrifin þegar ég sagði henni fyrst frá þessu. En núna deilir hún reglulega því sem ég set um vefinn á mitt Facebook. Það hefur breyst algerlega viðhorfið. Í dag er þetta eðlilegasti hlutur en var það alls ekki árið 2013. Fólk hefði ekki endilega þá sagt frá því hefði það fundið einhvern á netinu,“ segir Björn Ingi að lokum.

[Hér er hægt að kynna sér málið nánar.](#)

Orðaský úr persónuleikapörun

Hrefna B hefur valið að deila sínum svörum úr persónuleikapöruninni. Þú getur valið að [deila þínum svörum](#), t.d. aðeins með vinum.

Það sem Hrefna B valdi sem mikilvægast er með stærstum stöfum. Litirnir sýna svo hversu lík svörin ykkar voru. Grænt það sem þið völduð jafn mikið, gult næstum jafn mikið, appelsínugult nokkuð ólíkt og rautt mjög ólíkt.



Í orðaskýinu sést stærst það sem notandinn taldi mikilvægast. Grænt það sem þeir völdu jafn mikið, gult næstum jafn mikið, appelsínugult nokkuð ólíkt og rautt mjög ólíkt Mynd/Makaleit.is

Mest aukning á milli bylgja

Á síðunni [www.einkamal.is](#) hefur verið aukning um tíu prósent í kórónuveirufaraldrinum. Spurð um mun á milli fyrstu og þriðju bylgju faraldursins segir í svari fulltrúa síðunnar að frá mars til maí hafi verið tíu prósent aukning en að frá ágúst til 16. nóvember hafi hún aðeins verið þrjú prósent.

Áhugaverðast sé að mesta aukningin í notkun hafi verið á milli þessara tímabila, í sumar, í jún og júlí en þá var faraldurinn í miklu lágmarki á landinu.

Mikill fjöldi para skráð

Spurð um þann aldurshóp sem notar síðuna segja þau að þau hafi ekki handhægar nýjar upplýsingar um aldur notenda en segja að það komi þeim alltaf skemmtilega á óvart hve ungur hópurinn er.

En miðað við svör frá Einkamál má eflaust gera ráð fyrir því að hópurinn sem noti síðuna sé að einhverju leyti ólíkur þeim sem noti síðuna Makaleit því að sögn eigenda Einkamáls er, sem dæmi, talsvert af þörum skráð sem skekki mælingar þeirra á kynjahlutföllum notenda.

„Ef við skoðum skráða notendur eru hlutföll 60 prósent konur og 40 prósent karlar. Ef við skoðum sömu tölfræði út frá notkun þá eru 71 prósent af vel virkum notendum karlar á móti 29 prósent konur. En það áhugaverða hér er að það eru á sama tíma mörg hundruð þör skráð á vefinn, það ruglar smá þessa tölfræði,“ segir í svari vefsins.



Margar síður og öpp eru í boði fyrir fólk sem er í leit að ástinni - eða jafnvel einhverju öðru. Fréttablaðið/Getty

Innkoma Tinder hafi hjálpað með viðhorfsbreytingu

Spurð hvort þau merki jákvæðari viðhorf fyrir vefnum og þjónustunni í dag en fyrir kannski 5 eða 10 árum og hvort þeim finnist þau hafa breyst eftir að Tinder og önnur slík öpp urðu vinsæl segja þau að viðhorfið hafi mikið breyst á síðastliðnum fimm til tíu árum.

„Það er margt sem spilar inn í. Við höfum lagt mikla vinnu í að halda óæskilegum notendum frá vefnum. Þá eigum við um notendur sem auglýsa vændi og svo framvegis. Einnig hefur innkoma Tinder og álíka þjónusta hjálpað. Fólk talar meira opið um að það sé á Tinder, Einkamál og álíka þjónustum. Áhugaverða við innkomu þeirra er að hún hefur aðeins styrkt Einkamál.is,“ segir í svar vefsins.

Þau segja að mánaðarlega heimsæki um 50.000 einstaklingar (IP tölur) vefinn og að notendur verji að meðaltali 17 mínútum inni á vefnum í hvert skipti.

„Það eru meira en 22.000 virkir skráðir notendur og um 200-300 notendur skráðir inn á vefinn allan sólarhringinn.“

Þau segja eina stærstu ástæðuna fyrir vinsældum vefsins hversu vel Íslendingar þekkja vefinn.

„Hann hefur verið til í hátt í 20 ár. Er verið vinsælasti stefnumótavefur landsins öll þessi ár og Íslendingar vita að þarna er mestur fjöldi fólks í sömu hugleiðingum og það sjálft,“ segir að lokum.

Covid-19

Mest lesið í dag í vikunni

Athugasemdir

0 ummæli



Bæta við ummælum...

Kann að meta 114

Athugasemdaviðbót Facebook



Nýjast



[Grey fólkið trukkar áfram](#)



[Sungið bónorð og sofandi ástarjátning](#)



[Emmsjé Gauti semur Þjóðhátíðarlagið](#)



[Hætti við að hætta](#)



[Þriðji meðlimur hljómsveitarinnar látinn](#)



[Gwyneth Paltrow saklaus](#)



[Gríðarlegt stuð í útgáfuhófi Snæfríðar](#)



[Heill veggur af garni í glæsihýsi á Seltjarnarnesi](#)



[Töfrandi orka sem skapast bara í bíósalnum](#)




[Kleinhringur vikur fyrir Selleck](#)

-11%

ÞÓM MÍLÍN FYRIR

MÍLÍN

Tengt efni



[Vara við nýju enn meira smitandi afbrigði Covid](#)



[Svara gagnrýni Björgvins: Þarf að taka faraldurinn alvarlega](#)



[Innflutningur hamstra leyfður á ný](#)



[Veggjalúsinn leggst mest á sálina](#)



[Rekin fyrir að vera óbólusett og fær bætur frá mótuneytinu](#)



[Minnsti fjöldi Covid-19 greininga í síðustu viku það sem af er vetri](#)



[„Sem betur fer hætt að velja þessum sjúkdómi sérstaklega fyrir okkur“](#)




[Ómikron afbrigðið enn ráðandi á Íslandi](#)



[Tailand tekur aftur upp bólusetningakröfu á landamærunum](#)

Fleiri fréttir



LÍFIÐ

[Grey fólkíð trukkar áfram](#)




LÍFIÐ

[Emmsjé Gauti semur Þjóðhátíðarlagið](#)



LÍFIÐ

[Þriðji meðlimur hljómsveitarinnar látinn](#)



LÍFIÐ

[Gríðarlegt stuð í útgáfuhófi Snæfriðar](#)



LÍFIÐ

[Kleinhringur vikur fyrir Selleck](#)



LÍFIÐ

[Sungið bónorð og sofandi ástarjátning](#)



LÍFIÐ

[Hætti við að hætta](#)




LÍFIÐ

[Gwyneth Paltrow saklaus](#)



LÍFIÐ

[Heill veggur af garni í glæsihýsi á Sel-tjarnarnesi](#)



LÍFIÐ

[Tímahylki saumakvennanna er að finna í búð á Ísafirði](#)

Fara efst

Leit

- Markaðurinn
- Sport
- Lífið
- Skoðun
- Tímamót

- Fasteignir
- Minningargreinar
- Andláts-, útfarar- eða þakkartilkygningar
- Persónuvernd og vefkökur

Auglýsingar

- Frettabladid.is
- Fréttablaðið
- Sérblöð
- Raðauglýsingar
- Þjónustu- og smáaugl.
- Hringbraut

Torg ehf.

Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík
Sími 550 5000

